

Nd.

36. Frumvarp til laga

[36. mál]

um ferðaskrifstofur.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Heimilt er að reka ferðaskrifstofur að fengnu leyfi ráðherra.

2. gr.

Ákveða skal í reglugerð þau skilyrði, sem þeir, er fá leyfi til að reka ferðaskrifstofur, verða að fullnægja. Það skal varða leyfismissi, ef settum skilyrðum er ekki fylgt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp um að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Samgöngumálanefnd Nd. sendi það frv. til umsagnar ýmissa aðila, og bárust yfirleitt svör, þar sem mælt var með frumvarpinu. Jafnframt var bent á, að nauðsynlegt væri að setja reglur um, að ekki fái aðrir leyfi til að reka ferðaskrifstofur en þeir, sem leysa það starf sómasamlega af hendi. Sú ábending er vissulega rétt, og því er þetta frumvarp flutt.

Hér fara á eftir nokkur af áður nefndum svörum, er samgöngumálanefnd Nd. bárust í fyrri í tilefni af frumvarpinu um að afnema sérréttindi Ferðaskrifstofu ríkisins.

Fylgiskjal I.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttækið bréf hæstvirkar samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, dagsett 15. marz 1962, þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Það er álit vort, að gefa beri fleiri aðilum kost á því að veita viðtöku erlendum ferðamönnum en Ferðaskrifstofu ríkisins, og erum vér að því leyti samþykkir flutningsmanni frumvarpsins. Hins vegar litum vér svo á, að gjalda beri varhug við að setja engar reglur fyrir því, hverjir slík réttindi hljóti. Augljóst má vera, að það er höfuðatriði, að þeir einir hafi réttindi til að annast viðtöku og fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna, sem það geta leyst af hendi á hinn fullkomnasta hátt. Skoðun vor er sú, að setja verði strangar reglur um það, hverjir réttindi geti fengið til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, svo að tryggt sé, að tilgangi frumvarpsins verði náð.

Ef hið háa Alþingi telur rétt að gera breytingu á lögnum um Ferðaskrifstofu ríkisins, viljum vér að lokum láta í ljós þá skoðun, að heillavænlegt mundi vera að hafa hliðsjón af skipulagi ferðamála í nágrannalöndum vorum og ekki hvað síst á Írlandi.

Virðingarfyllt,

Flugfélag Íslands h.f.

Birgir Þórhallsson.

Fylgiskjal II.

LOFTLEIÐIR

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf yðar, dags. 15. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar Loftleiða um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Vér minnum á umsögn, er send var samgöngumálanefnd 14. febr. 1961, þar sem einnig var leitað umsagnar um breytingar á lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins. Vér erum enn sömu skoðunar og þá, að fella beri niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka á Íslandi ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, en samtímis er nauðsynlegt að tryggja með fjárframlögum, að Ferðaskrifstofu ríkisins verði gert kleift að halda uppi öflugri landkynningarstarfsemi, og reisa þarf við því skorður, að útlendingar verði gínttir hingað af loddurum, sem veita þeim ekki þá fyrirgreiðslu, sem seld hefur verið eða heitið, en fyrir því er nauðsynlegt, að þeir einir fái leyfi til að reka ferðaskrifstofur, sem ástæða er til að ætla að geri það sómasamlega. Afnáam einkaleyfis Ferðaskrifstofu ríkisins er rétt spor í áttina, en ekki nema eitt af mörgum, er stíga þarf til þess að koma íslenskum ferðamálum í sæmilegt horf.

Virðingarfullt,

LOFTLEIÐIR H/F.

Sigurður Magnússon.

Fylgiskjal III.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum mótttekið bréf háttvirtrar samgöngumálanefndar, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vórrar um frv. til l. um breytingu á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, en í frv. þessu (þskj. 23) er lagt til, að felldur verði niður einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Vér erum sammála flutningsmanni þessa frv., að aðstæður allar eru gjörólíkar nú og þegar Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð fyrir 26 árum, og virðist oss því rétt, að þessi einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að veita erlendum ferðamönnum fyrirgreiðslu sé felldur niður, enda mun ekki fyrir það að synja, að ýmsir einkaaðilar hafa óátalið stofnað til rekstrar ferðaskrifstofa hér á landi á undanfórnum árum og ekki alltaf einskorðað sig við fyrirgreiðslu innlendra ferðamanna, þannig að einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins hefur hin síðari árin verið meira í orði en á borði.

Hins vegar viljum vér benda á, að verði einkaréttur Ferðaskrifstofunnar felldur niður, er ástæða til þess, að fylgzt verði með því af hálfu hins opinbera, að ekki geti hver og einn, sem kynni að láta sér detta í hug að koma á fót ferðaskrifstofu fyrir erlenda og innlenda menn, án þess að hafa nokkur skilyrði til þess að geta annazt fyrirgreiðslu ferðamanna sómasamlega, stofnsett slíka skrifstofu.

Viljum vér í því sambandi benda á, að í frv. til l. um landkynningu og ferðamál, sem flutt hefur verið a. m. k. á tveim þingum af Gunnari Thoroddsen og fleirum (sjá þskj. 449 á Alþingi 1954—55), en hefur ekki náð fram að ganga, var lagt til, að stofnað yrði Ferðamálaráð Íslands, sem hefði umsjón og eftirlit með

öllu, er lýtur að ferðamálum, þ. á m. að þeir, sem gera vilja móttöku ferðamanna að atvinnu sinni, séu starfi sínu vaxnir um menntun og framkomu (sbr. 3. gr. 4. lið frv.).

Með tilliti til framanritaðs viljum vér láta í ljós það álit vort, að vér teljum rétt, að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði felldur niður, svo sem lagt er til í frv., en að jafnframt sé komið á eftirliti af hálfu hins opinbera með ferðaskrifstofurekstri einkaaðila, a. m. k. þangað til fullkonnari skipan verði komið á ferðamál í landinu, svo sem lagt var til í frv. Gunnars Thoroddsens o. fl. frá 1954—55.

Virðingarfyllst,

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.

G. Vilhjálmsson.